

„Finnurðu ekki mikið til?“ — Dísa furðaði sig á, hvað hýr Kata gat verið; því henni fanst það áreiðanlegt, að ef það hefði verið hún, sem eins hefði staðið á fyrir, þá hefði hún skælt og verið keipott og skapill.

„Jú!“ — sagði Kata. „Og eg skæli stundum. En ömmu minni fellur það svo illa, svo eg reyni að gera mig harða.“

Pegar Mrs. Rud var til að kveðja, voru litlu stúlkurnar orðnar perlu-vinir. Og Kata bað Mrs. Rud að koma aftur með Dísu.

Pegar þær voru búnar að ganga spöl-korn, segir Dísa við mömmu sína: „Mamma! heldurðu, að barnið Jesús vilji eg geri eitthvað fyrir aumingja Kötu?“

„Það verður þú að segja þér“—svaraði móðir hennar.

„Eg get leitað að einhverri gamalli sögubók handa henni.“

„Dísa!“—sagði Mrs. Rud, og var alvarleg. „Tókstu ekki eftir því, hvað alt var gamalt og slitið, sem Kata hafði?“

„Jú!“ — sagði Dísa niðurlút.

„Geturðu þá fengið af þér að bjóða henni annað eins! Geturðu hugsað þér—“

„Æ, góða mamma! Eg skal hugsa um það. Eg skal gera það“, — tók barnið fram í, hrædd við ofanigjöfina, sem hún fann að hún átti skilið.

Mrs. Rud sagði þá heldur ekki neitt meira um þetta. Hún beið eftir því, hvað barnið vildi gera. Alla vikuna var Dísa mjög hugsandi. En aðfangadaginn kemur hún til mömmu sinnar glöð og öll brosandi í framan, og fer að tala við hana eins og hún var yön: „Mamma! Þú veist, að eg komst að því, að eg ætti að fá nýja brúðu.“

Mrs. Rud samsinti því.

„En brúðan, sem eg fékk í fyrra, hún frú Lee, er enn eins falleg og hún hefur verið. Og nú ætla eg mér að gefa henni Kötu nýju brúðuna, ef þú vilt lofa mér það. Og eg ætla að gefa henni líka silkið og borðana, sem frænka gaf mér í föt handa brúðunni minni. Og svo gef eg henni bækurnar mínar báðar: „Frænkurnar átta“, og „Rósina útsprungnu“. „

„Og þú ætlað þér ekki að sjá eftir því eftir á?“—spurði móðirin, sem furðaði sig á, hvað nærri sér dóttir hennar tók, um leið og þetta gladdi hana.

„Ónei!“ — Og andlitið á Dísu var skínandi af ánægjunni út af því að gefa. „Eg hef hugsað um þetta, og er viss um, að þetta er það, sem barnið Jesús vill að eg geri.“

Mrs. Rud faðmaði litlu stúlkuna sína innilega að sér og